



Akraneskaupstaður
Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri
Stillholti 16-18
300 AKRANESI

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr.	2.9	Mótt. af <i>Coo</i>
Áb.m.	RÁ	Úrv.að... <i>SH</i>
Símtal	Tölvup.	Fax <i>St.A/AÓ</i>
Svarfr.	Trúna.mál	Fsk ⁱ <i>JHF/GG</i>
Málsnr. One	<i>1509132</i>	

Reykjavík 28. október 2015
Tilv.: IRR15090047/21.16.2

Efni: Áætluð úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2016

Með bréfi þessu er yður tilkynnt um áætlað framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2016, sbr. umsókn sveitarfélagsins þar að lútandi.

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þann 26. október sl. var lagt til að viðmiðunarþjárhæðir framlaganna yrðu þær sömu og fjárhagsárið 2015. Framlag á grundvelli viðmiðunarstigs I nemur 2.300.000 kr. og á grundvelli viðmiðunarstigs II 1.200.000 kr. Með tilvísun til þessa nemur tillaga að áætlaðri úthlutun framlags til sveitarfélagsins vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fyrir fjárhagsárið 2016 samtals **40.500.000 kr.**, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Framlagið greiðist mánaðarlega með jöfnum greiðslum **3.375.000 kr.** á mánuði.

Nánari upplýsingar um afgreiðslu umsóknarinnar hafa verið sendar trúnaðarmanni sveitarfélagsins. Eins og fram kemur í bréfi Jöfnunarsjóðs til trúnaðarmanns sveitarfélagsins, einnig dags. í dag, er frestur til að senda inn leiðréttigar eða ný gögn vegna greiningar á nemendum gefinn til 1. febrúar nk. Eftir þann tíma mun Jöfnunarsjóður ganga út frá framangreindri áætlun um greiðslur framlaganna til sveitarfélagsins fyrir fjárhagsárið 2016.

Frekari upplýsingar um afgreiðslu þessa eru góðfúslega veittar af Elínu Gunnarsdóttur, Jöfnunarsjóði í síma 545-8236.

Fyrir hönd innanríkisráðherra

Elín Pálsdóttir

Elín Pálsdóttir

Elín Gunnarsdóttir

Elín Gunnarsdóttir